

Fundargerð

Þriðji fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda

Fundur haldinn þriðjudaginn 22. október 2024 kl. 11:00.

Þátttakendur á fundinum voru: Ása Margrét Einarsdóttir fulltrúi FRSE, Gylfi Ólafsson fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Lísabet Guðmundsdóttir fulltrúi Minjastofnunar, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir fulltrúar Umhverfisstofnunar. Sigrún ritaði fundargerð.

Fundarefni

- Staða stjórnunar- og verndaráætlunar
- Næstu skref
- Önnur mál

Fundargerð

1. Staða stjórnunar- og verndaráætlunar

Farið var yfir framvindu verkefnisins og þá þætti sem standa út af og á eftir að vinna frekar, m.a. í samvinnu við Samgöngustofu og Ísafjarðarbæ. Einkum eru það þættir sem snúa að möguleikum þess að setja fram atvinnustefnu á svæðinu, landtökur leiðangursskipa í Dynjandisvogi, bóta á salernisaðstöðu fyrir karla, nýtingaráætlun Dynjandisár og þyrlu- og drónaflugi innan hins friðlýsta.

2. Næstu skref

Fyrir næsta fund munu fulltrúar Umhverfisstofnunar, Ísafjarðarbæjar og Framkvæmdasýslunnar-Ríkiseigna vinna að þeim þáttum sem snúa að þeim og rætt var um, þannig að hægt verði að vinna áfram og ná fram niðurstöðu.

Ákveðið var að halda næsta fund samstarfshópsins 14. nóvember kl. 11.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:10